

Neytendasamtökin

Ársreikningur 2020

Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Kt. 480269-0559

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Staðfesting kjörinna skoðunarmanna	3
Áritun og skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Neytendasamtökunum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neytendasamtakanna fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020 og efnahag þess 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Neytendasamtökunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Neytendasamtakanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 13. október 2021

Ingunn H. Hauksdóttir
lögiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Staðfesting kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Neytendasamtakanna staðfestum ársreikning 2020 með undirskrift okkar.

Reykjavík, 13. október 2021

Sigurður Másson

Þuríður Hjartardóttir

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmalaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Fjöldi ársverka voru sex.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2020 kr. 5.851.501. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 11.350.546. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. október 2021

Stjórn:

Breki Karlsson, formaður
Þórey S. Þórisdóttir, varaformaður
Liselotte Widing, gjaldkeri
Snæbjörn Brynjarsson, ritari
Auður Alfa Ólafsdóttir
Guðjón Sigurbjartsson
Guðmundur Gunnarsson
Gunnar Alexander Ólafsson
Helga Margrét Marzelliúsardóttir
Páll Rafnar Þorsteinsson
Pálmey Helga Gísladóttir
Sigurlína G. Sigurðardóttir
Stefán Hrafn Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Brynhildur Pétursdóttir

Rekstrarreikningur 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Tekjur af aðalstarfsemi		71.297.554	62.427.088
Aðrar rekstrartekjur		11.405.770	12.975.333
Tekjur vegna ECC verkefnis		10.878.391	10.237.906
		<u>93.581.715</u>	<u>85.640.327</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	51.978.443	47.377.837
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		5.464.327	6.628.815
Húsnæðiskostnaður		9.323.749	9.018.291
Innheimtukostnaður		713.794	1.473.909
Annar rekstrarkostnaður		8.766.944	7.337.389
Kostnaður vegna ECC verkefnis		10.878.391	10.237.795
		<u>87.125.648</u>	<u>82.074.036</u>
Rekstrarhagnaður		6.456.067	3.566.291
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		105.909	375.140
Vaxtagjöld		(2.601)	(7.385)
Gengismunur		(707.874)	(157.555)
		<u>(604.566)</u>	<u>210.200</u>
Hagnaður ársins		<u>5.851.501</u>	<u>3.776.491</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	4	2.321.592	686.171
Handbært fé		21.681.642	15.408.661
Veltufjármunir samtals		<u>24.003.234</u>	<u>16.094.832</u>

Eignir samtals 24.003.234 16.094.832

31. desember 2020

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2020	2019
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	<u>11.350.546</u>	<u>5.499.045</u>
Eigið fé samtals		<u>11.350.546</u>	<u>5.499.045</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	6	<u>12.652.688</u>	<u>10.595.787</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>12.652.688</u>	<u>10.595.787</u>
Skuldir samtals		<u>12.652.688</u>	<u>10.595.787</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>24.003.234</u></u>	<u><u>16.094.832</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um samtökin

Neytendasamtökin eru hagsmunasamtök neytenda á Íslandi. Neytendasamtökin eru sjálfstæð og óháð einstaklingum, félögum, fyrirtækjum, samtökum, stjórnmalaflokkum og opinberum aðilum. Neytendasamtökin skulu ætíð taka afstöðu til mála í samræmi við hagsmuni neytenda óháð öðrum sjónarmiðum. Lögheimili félagsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
EUR	156,10	135,83

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur af félagsgjöldum og styrktarauglýsingum er færðar þegar þær eru greiddar.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	49.320.078	44.581.991
Lífeyrissjóður	6.048.866	5.487.073
Önnur launatengd gjöld	5.153.777	4.825.536
Yfirfært á umsjón með verkefnum	(8.544.278)	(7.516.763)
Laun og launatengd gjöld alls	51.978.443	47.377.837

Að meðaltali störfuðu um 5,7 starfsmenn hjá félaginu á árinu en 5,6 árið á undan.

4. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2020	2019
Fyrirframgreidd húsaleiga	696.592	666.171
Félagsmálaráðuneytið, legjendaaðstoð 4. ársfj. 2020	1.625.000	0
Aðrar skammtímakröfur	0	20.000
Aðrar skammtímakröfur samtals	2.321.592	686.171

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1/1	5.499.045
Afkoma ársins	5.851.501
Eigið fé 31/12	11.350.546

6. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2020	2019
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6.367.947	4.963.650
Aðrar skammtímaskuldir	80.938	356.774
Fyrirframinnheimt vegna ECC verkefnis	6.203.803	5.275.363
Aðrar skammtímaskuldir samtals	12.652.688	10.595.787

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2020.

Sundurliðanir

	2020	2019
Tekjur af aðalstarfsemi		
Innheimt félagsgjöld ársins.....	48.836.750	43.489.541
Styrkir og framlög.....	22.460.804	18.937.547
	<u>71.297.554</u>	<u>62.427.088</u>
Aðrar rekstrartekjur		
Seldar styrktarlínur.....	9.543.500	11.028.650
Seld áskrift.....	525.900	438.600
Aðrar tekjur.....	1.336.370	1.508.083
	<u>11.405.770</u>	<u>12.975.333</u>
Tekjur vegna ECC verkefnis		
Styrkir ríkisins vegna ECC verkefnis.....	5.439.196	5.118.953
Styrkir frá ESB vegna ECC verkefnis.....	5.439.195	5.118.953
	<u>10.878.391</u>	<u>10.237.906</u>
Kostnaður vegna ECC verkefnis		
ECC verkefni, ferðakostnaður.....	214.050	784.005
ECC verkefni, laun og launatengd gjöld.....	8.544.278	7.516.763
ECC verkefni, annar kostnaður.....	2.120.063	1.937.027
	<u>10.878.391</u>	<u>10.237.795</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun.....	49.320.078	44.581.991
Ökutækjastyrkur.....	59.900	90.000
Dagpeningar.....	59.115	149.013
Áunnið orlof, breyting.....	604.956	593.221
Mótframlag í lífeyrissjóð.....	6.048.866	5.487.073
Sjúkra-, orlofs-, & endurmenntunarsjóður.....	644.081	613.437
Tryggingagjald.....	3.519.734	3.309.703
Annar starfsmannakostnaður.....	265.991	70.162
Yfirfært á ECC verkefni.....	(8.544.278)	(7.516.763)
	<u>51.978.443</u>	<u>47.377.837</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
Annar rekstrarkostnaður		
<i>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</i>		
Sími og burðargjöld.....	754.622	828.176
Pappír, prentun og ritföng.....	77.994	151.335
Bækur, blöð og tímarit.....	4.595	5.000
Auglýsingar og kynningarmál.....	143.449	0
Bókhalds- og launþjónusta.....	1.511.932	2.137.128
Endurskoðun.....	1.085.437	1.130.235
Önnur sérfræðiþjónusta.....	2.522.214	1.999.282
Aðkeyptur akstur.....	200.160	182.998
Rekstur bifreiða.....	0	7.742
Viðhald áhalda og rekstrarvörur.....	391.799	173.080
	<u>6.692.202</u>	<u>6.614.976</u>
<i>Erlent samstarf:</i>		
Erlent samstarf endurgreitt erlendis frá.....	(1.622.443)	(2.051.270)
Erlent samstarf, ferðakostnaður.....	263.477	901.120
Erlend félagsaðild.....	864.333	289.877
	<u>(494.633)</u>	<u>(860.273)</u>
<i>Innra starf og neytendamál:</i>		
Félags- og aðildargjöld.....	64.167	94.608
Fundakostnaður.....	12.474	153.415
Risna og gjafir.....	66.632	56.821
	<u>143.273</u>	<u>304.844</u>
<i>Tölvukostnaður:</i>		
Kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðar.....	1.149.138	1.017.596
Kostnaður vegna heimasíðu.....	1.276.964	260.246
	<u>2.426.102</u>	<u>1.277.842</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>8.766.944</u>	<u>7.337.389</u>

Sundurliðanir

	2020	2019
Útgáfu- og dreifingarkostnaður		
NBL, prentun, hönnun, setning o.fl.....	2.993.424	3.589.530
NBL, dreifingarkostnaður.....	2.470.903	3.039.285
	<hr/>	<hr/>
	5.464.327	6.628.815
Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga.....	7.639.275	7.442.783
Rafmagn og hiti.....	98.481	118.024
Vátryggingar.....	55.368	146.048
Hreinlætiskostnaður.....	1.034.850	856.636
Viðhald húsnæðis.....	495.775	454.800
	<hr/>	<hr/>
	9.323.749	9.018.291

Undirritunarsíða

Breki Karlsson

Þórey Svanfríður Þórisdóttir

Pálmey Helga Gísladóttir

Snæbjörn Brynjarsson

Auður Alfa Ólafsdóttir

Guðmundur Gunnarsson

Guðjón Ólafur Sigurbjartsson

Helga M Marzellíusardóttir

Ingrid E Liselotte Viding

Sigurlína G Sigurðardóttir

Undirritunarsíða

Páll Rafnar Þorsteinsson

Gunnar Alexander Ólafsson

Stefán Hrafn Jónsson

Sigurður Másson

Þuríður Hjartardóttir

Brynhildur Pétursdóttir

Ingunn Hafdís Hauksdóttir